

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1874****2021/EES/49/13****frá 6. nóvember 2019****um hæfi lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB****(tilkynnt með númeri C(2019) 7854) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (1), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skv. 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB mega aðildarríki því aðeins heimila miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna, sem varða hlutaðeigandi endurskoðun, til lögbærra yfirvalda þriðja lands að þau yfirvöld uppfylli kröfur sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að séu fullnægjandi og að um vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni milli þeirra og lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríkjum sé að ræða. Aðildarríki hafa vaxandi áhuga á því að þróa frekar samstarf við lögbær yfirvöld í Alþýðulýðveldinu Kína á sviði lögboðinnar endurskoðunar. Í ljósi þess áhuga þarf að ákvarða hvort lögbær yfirvöld í Alþýðulýðveldinu Kína uppfylli kröfur sem eru fullnægjandi að því er þetta varðar.
- 2) Í ákvörðun um hvort ákvæði um viðmiðanir séu fullnægjandi, skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, er ekki fjallað um aðrar sértækar kröfur vegna miðlunar á vinnuskjöllum við endurskoðun og öðrum skjölum í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja og úttektar- eða rannsóknarskýrslum, s.s. samkomulag um vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni milli lögbærra yfirvalda sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB eða kröfur um miðlun persónuupplýsinga sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar.
- 3) Samstarf um miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbærs yfirvalds þriðja lands varðar mikilvæga hagsmuni almennings í tengslum við framkvæmd óháðs, opinbers eftirlits. Af þeim sökum ættu lögbær yfirvöld aðildarríkja, innan ramma vinnutilhögunarinnar sem um getur í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að tryggja að lögbær yfirvöld Alþýðulýðveldisins Kína noti skjöl, sem miðlað hefur verið til þeirra í samræmi við 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, aðeins til að sinna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum.
- 4) Þegar skoðanir eða rannsóknir fara fram er löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum ekki heimilt að veita lögbærum yfirvöldum Alþýðulýðveldisins Kína aðgang að vinnuskjöllum sínum við endurskoðun eða öðrum skjölum eða senda þau til þeirra, samkvæmt öðrum skilyrðum en þeim sem sett eru fram í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og í þessari ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

- 5) Að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum ættu aðildarríkin að sjá til þess að samskipti milli löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja sem þau viðurkenna og lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína fari fram fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja, sbr. þó 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.
- 6) Í samræmi við d-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er möguleiki aðildarríkjanna á að heimila miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína háður því skilyrði að vinnutilhögum sé samþykkt milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda.
- 7) Aðildarríkin ættu að tryggja að slíkt samkomulag um vinnutilhögun milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda Alþýðulýðveldisins Kína sé gert á grundvelli gagnkvæmni og með fyrirvara um skilyrðin í 1. og 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, þ.m.t. vernd atvinnuleyndarmála og viðskiptahagsmuna, m.a. iðnaðar- og hugverkaréttinda, sem slík skjöl innihalda um þá sem sæta endurskoðun eða um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem endurskoða viðkomandi.
- 8) Þegar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbærra yfirvalda Alþýðulýðveldisins Kína felur í sér miðlun persónuupplýsinga er slík miðlun aðeins lögleg ef hún er einnig í samræmi við kröfur um alþjóðlega gagnaflutninga sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽²⁾. Í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er þess því krafist að aðildarríkin tryggi að miðlun persónuupplýsinga milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda Alþýðulýðveldisins Kína sé í samræmi við allar gildandi meginreglur og reglur um persónuvernd og einkum ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679. Aðildarríkin ættu að tryggja að gerðar séu viðeigandi verndarráðstafanir varðandi miðlun persónuupplýsinga, í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að auki ættu aðildarríkin að tryggja að lögbær yfirvöld í Alþýðulýðveldinu Kína greini ekki frekar frá persónuupplýsingum, sem skjölin sem miðlað er hafa að geyma, án undanfarandi samþykkis lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.
- 9) Fjármálaráðuneyti og verðbréfaeftirlit (e. *Securities Regulatory Commission (CSRC)*) Alþýðulýðveldisins Kína eru þeir tveir opinberu eftirlitsaðilar sem hafa valdheimildir til að rannsaka endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki samkvæmt bókhaldslögum, lögum um löggilta endurskoðendur og verðbréfamarkaðsrétti Alþýðulýðveldisins Kína. Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á að gefa út starfsleyfi til endurskoðunarfyritækja, framfylgja bókhaldsreglum, setja endurskoðunarstaðla, framkvæma skoðanir og rannsóknir á endurskoðunarfyritækjum og löggiltum endurskoðendum og gera eftirlitssamstarfssamninga sem tengjast eftirliti með starfsemi löggiltra endurskoðenda. Verðbréfaeftirlitið, undir forsjá ríkisráðsins, ber ábyrgð á því að hafa eftirlit með verðbréfamarkaðinum og að framfylgja verðbréfamarkaðsréttinum. Það hefur heimildir til að skoða fyrirtæki sem skráð eru annaðhvort í kauphöllinni í Shanghai eða kauphöllinni í Shenzhen og endurskoðunarfyritækin sem framkvæma endurskoðanir á þessum skráðu fyrirtækjum. Það er yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti og umsýslu verðbréfa sem gefin eru út í annarri hvorri þessara kauphalla. Í eftirlitsskyldum verðbréfaeftirlitsins felst m.a. að það er til þess bært að stýra alþjóðlegum samstarfsmálum á sviði verðbréfa og framtíðarsamninga. Verðbréfaeftirlitið hefur valdheimild til að koma á eftirlitsfyrikomulagi í samstarfi við samsvarandi yfirvöld í öðrum lögsögum, í þeim tilgangi að hafa eftirlit með verðbréfamörkuðum yfir landamæri, þ.m.t. samstarfi í málum er varða endurskoðun.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

- 10) Fjármálaráðuneytið og verðbréfaeftirlitið munu bæði koma að undirritun síðari tvíhliða samninga um miðlun vinnuskjala við endurskoðun. Fjármálaráðuneytið leiðir gerð samninga við aðildarríkin og ákveður þátt verðbréfaeftirlitsins í viðræðum og undirritun samninganna, með hliðsjón af gildissviði þeirra og efni. Núverandi og fyrrverandi starfsfólki fjármálaráðuneytisins og verðbréfaeftirlitsins ber skylda til að halda trúnað um þau ríkis-, viðskipta- og atvinnuleyndarmál sem það öðlast vitneskju um í eftirlitsstarfsemi og til að nota slíkar upplýsingar ekki í ótengdum málum.
- 11) Samkvæmt kínverskum lögum og reglum mega fjármálaráðuneytið og verðbréfaeftirlitið miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47 gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem tengjast rannsóknnum sem þau kunna að framkvæma á slíkum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.
- 12) Á þeim grundvelli og einnig að teknu tilliti til tækniráðgjafar Evrópu nefndar eftirlitsaðila endurskoðenda, sem um getur í c-lið 7. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ⁽³⁾, uppfylla fjármálaráðuneytið og verðbréfaeftirlitið kröfur sem lýsa ætti yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.
- 13) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á það samstarfsfyrrkomulag sem um getur í 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽⁴⁾.
- 14) Hvers konar niðurstaða varðandi það hvort kröfur sem lögbær yfirvöld þriðja lands uppfylla séu fullnægjandi, samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, hefur ekki forgang fram yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja þess þriðja lands skv. 2. mgr. 46. gr. þeirrar tilskipunar.
- 15) Ákvörðun þessi miðar að því að greiða fyrir skilvirkri samvinnu á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og í Alþýðulýðveldinu Kína. Markmið hennar er að gera þessum yfirvöldum kleift að gegna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytri gæðatryggingu og rannsóknir og jafnframt gæta réttinda þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Þegar lögbært yfirvald ákveður að taka þátt í samkomulagi um vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni við lögbær yfirvöld í Alþýðulýðveldinu Kína, til að auðvelda miðlun vinnuskjala við endurskoðun og annarra skjala sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja og úttektar- eða rannsóknarskýrslna, er hlutaðeigandi aðildarríki skuldbundið til að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá gagnkvæmu vinnutilhögun sem samið hefur verið um við þessi yfirvöld til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta hvort samvinna fari fram í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.
- 16) Lokamarkmið samvinnu um eftirlit á sviði endurskoðunar milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda í Alþýðulýðveldinu Kína er að ná að skapa gagnkvæmt traust aðila á eftirlitskerfum hvers annars og að auka samleitni í gæðum endurskoðunar. Slíkt gagnkvæmt traust og aukin samleitni yrði byggð á jafngildi endurskoðunareftirlitskerfa Sambandsins og Alþýðulýðveldisins Kína. Af þessum sökum ætti miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslum að endingu að heyra til undantekninga.
- 17) Þessi ákvörðun endurspeglar vaxandi áhuga aðildarríkjanna á því að þróa frekar samstarf við lögbær yfirvöld Alþýðulýðveldisins Kína á sviði lögboðinnar endurskoðunar sem úrræði til að auðvelda aðgang stofnana og aðila Sambandsins að fjármagnsmarkaði Alþýðulýðveldisins Kína og til að hvetja til starfsemi fyrirtækja með skráða skrifstofu í Alþýðulýðveldinu Kína á fjármagnsmörkuðum í aðildarríkjunum.
- 18) Þar sem enn skortir hagnýta reynslu af samstarfi á sviði eftirlits við lögbær yfirvöld í Alþýðulýðveldinu Kína ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

- 19) Þrátt fyrir tímamörkin mun framkvæmdastjórnin fylgjast reglulega með markaðsþróun, þróun eftirlits- og regluramma og skilvirkni samstarfs á sviði eftirlits, að teknu tilliti til fenginnar reynslu af samstarfi á sviði eftirlits og einnig byggt á framlagi aðildarríkja. Einkum getur framkvæmdastjórnin framkvæmt sérstaka endurskoðun á þessari ákvörðun hvenær sem er fyrir lok gildistíma hennar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt að endurmeta yfirlýsinguna um hæfi sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.
- 20) Evrópska persónuverndarstofnunin skilaði álit 20. maí 2019.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Fjármálaráðuneyti og verðbréfaeftirlit Alþýðulýðveldisins Kína uppfylla kröfur sem teljast fullnægjandi í skilningi c-liðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því er varðar miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum og úttektar- og rannsóknarskýrslum skv. 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að þegar vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyritækja, eru einungis í vörslu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis sem er skráð í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem endurskoðandi samstæðu er skráður og lögbært yfirvald þess ríkis hefur fengið beiðni frá einhverju af þeim yfirvöldum sem um getur í 1. gr. skuli einungis miðla slíkum skjölum til lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina hafi lögbært yfirvald í fyrra aðildarríkinu veitt skýlaust samþykki fyrir því.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 15. nóvember 2019 til 14. nóvember 2024.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Valdis DOMBROVSKIS

varaforseti.